

**Skagafjörður.**  
**26. fundur – sveitarstjórnar**  
**haldinn að Sæmundargötu 7a, miðvikudaginn 10. apríl 2024**  
**og hófst hann kl. 16:15**

**Fundinn sátu:**

Einar Eðvald Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hrefna Jóhannesdóttir, Sólborg Sigurrós Borgarsdóttir, Guðlaugur Skúlason, Jóhanna Ey Harðardóttir, Sveinn Þ. Finster Úlfarsson, Álfhildur Leifsdóttir, Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon og Helga Sigurrós Bergsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Helga Sigurrós Bergsdóttir, stjórnarsýsluritari.

Í upphafi fundar fór forseti þess á leit við fundarmenn að taka fyrir með afbrigðum þrjú mál, málsnúmer 2404074 endurtilnefning í atvinnu- menningar og kynningarnefnd, nr. 2404075 endurtilnefning í félagsmála og tómstundanefnd og 2312020 Úthlutun byggðakvóta 2023-2024 Samþykkt samhljóða.

**Dagskrá:**

**1. Byggðarráð Skagafjarðar - 89 - 2403021F**

*Fundargerð 89. fundar byggðarráðs frá 20. mars 2024 lögð fram til afgreiðslu á 26. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir forseti kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.*

1.1 2403008 - 80 ára afmæli Lýðveldisins

*Afgreiðsla 89. fundar byggðarráðs staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

1.2 2402195 - Umsókn um land

*Afgreiðsla 89. fundar byggðarráðs staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

1.3 2308044 - Kauptaxti veiðimanna

*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, kauptaxti veiðimanna, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.*

1.4 2403116 - Samráð; Frumvarp til laga um námsgögn

*Afgreiðsla 89. fundar byggðarráðs staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

1.5 2403117 - Samráð; Drög að þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í kynjajafnréttismálum fyrir árin 2024-2027

*Afgreiðsla 89. fundar byggðarráðs staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

1.6 2403126 - Samráð; Kosningar - kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga

*Afgreiðsla 89. fundar byggðarráðs staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

1.7 2403115 - Hækkun á endurgjaldi sérstakrar söfnunar Úrvinnslusjóðs 2023 og 2024

*Afgreiðsla 89. fundar byggðarráðs staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

## **2. Byggðarráð Skagafjarðar - 90 - 2403028F**

*Fundargerð 90. fundar byggðarráðs frá 27. mars 2024 lögð fram til afgreiðslu á 26. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir forseti kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.*

### **2.1 2403179 - Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2024**

*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2024, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.*

### **2.2 2403229 - Yfirferð yfir tillögur úr skýrslu HLH ráðgjafar**

*Afgreiðsla 90. fundar byggðarráðs staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

### **2.3 2403200 - Styrktarsjóður EBÍ 2024**

*Afgreiðsla 90. fundar byggðarráðs staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

### **2.4 2402092 - Hádegisverður í Ársölum og Árskóla**

*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Hádegisverður í Ársölum og Árskóla, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.*

### **2.5 2403114 - Samráð; Áform um breytingu á lögum nr. 48 2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun**

*Afgreiðsla 90. fundar byggðarráðs staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

### **2.6 2403163 - Hljóðvist í skólum; Umboðsmaður barna**

*Afgreiðsla 90. fundar byggðarráðs staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

## **3. Byggðarráð Skagafjarðar - 91 - 2404035F**

*Fundargerð 91. fundar byggðarráðs frá 4. apríl 2024 lögð fram til afgreiðslu á 26. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir forseti kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.*

### **3.1 2401083 - Ársreikningur 2023**

*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Ársreikningur 2023, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.*

### **3.2 2403185 - Frisbígolfvöllur í Varmahlíð**

*Afgreiðsla 91. fundar byggðarráðs staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

### **3.3 2404009 - Vatnstjón á tjaldsvæðinu í Varmahlíð**

*Afgreiðsla 91. fundar byggðarráðs staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með sjö atkvæðum. Alfhildur Leifsdóttir og Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir óska bókað að þær véku af fundi undir afgreiðslu málsins.*

### **3.4 2403210 - Samráð; Kosningar- meðferð utankjörfundaratkvæða**

*Afgreiðsla 91. fundar byggðarráðs staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl*

*2024 með níu atkvæðum.*

3.5 2402130 - Sundlaug Sauðárkóks. áfangi 2 framkvæmdir 2024

*Afgreiðsla 91. fundar byggðarráðs staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

**4. Fræðslunefnd - 25 - 2403025F**

*Fundargerð 25. fundar fræðslunefndar frá 22. mars 2024 lögð fram til afgreiðslu á 26. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir forseti kynnti fundargerð. Álfhildur Leifsdóttir, Hrund Pétursdóttir Álfhildur Leifsdóttir, kvöddu sér hljóðs.*

4.1 2402092 - Hádegisverður í Ársölum og Árskóla

*Afgreiðsla 25. fundar fræðslunefndar staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

4.2 2403110 - Tillaga - Kynning á faglegu starfi leik- og grunnskóla í Skagafirði

*Álfhildur Leifsdóttir tók til máls og lagði fram eftirfarnandi bókun:  
Ef munurinn á tillögu VG og óháðra á fræðslunefndarfundi og breytingartillögu meirihluta er einungis sá að meirihluti vill ekki skylda sveitarstjórn og aðra viðeigandi hópa að sitja kynningar á faglegu starfi frá stærstu vinnustöðum Skagafjarðar, þá lyktar málið frekar af eignarhaldi á góðri tillögu frekar en vilja til að gera vel. Þó svo að sveitarstjórnarfolk komi sér vel inn í öll málefni Skagafjarðar sama í hvaða nefndum þeir sitja, þá er það mikilvægt fyrir öll að sitja kynningar fagfólksins okkar úr stærsta málaflakki Skagafjarðar, sérstaklega þegar meirihluti fræðslunefndar áætla miklar breytingar. Breytingar verða nefnilega ekki farsælar ef þær byrja ekki á grunninum.*

*Því þykir okkur miður að meirihluti finnist þeir ekki knúnir til að gefa fagfólki okkar orðið og skylda okkur hin til að hlusta áður en ákvarðanir eru teknar. Álfhildur Leifsdóttir og Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir VG og óháð*

*Afgreiðsla 25. fundar fræðslunefndar staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með sjö atkvæðum. Álfhildur Leifsdóttir og Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir óska bókað að þær sitji hjá.*

**5. Skipulagsnefnd - 46 - 2403023F**

*Fundargerð 46. fundar skipulagsnefndar frá 21. mars 2024 lögð fram til afgreiðslu á 26. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.*

5.1 2307129 - Sólheimar 2 - Deiliskipulag

*Afgreiðsla 46. fundar skipulagsnefndar staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

5.2 2402011 - Eyrarvegur 20 - Byggingarreitur - Grenndarkynning

*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Eyrarvegur 20 - Byggingarreitur - Grenndarkynning, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.*

5.3 2403157 - Sjóvörn Hofsósi - Ósk um framkvæmdaleyfi

*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Sjóvörn Hofsósi - Ósk um framkvæmdaleyfi, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.*

- 5.4 2403075 - Formlegt erindi til skipulagsnefndar Skagafjarðar  
*Afgreiðsla 46. fundar skipulagsnefndar staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*
- 5.5 2403016F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 34  
*Afgreiðsla 46. fundar skipulagsnefndar staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

**6. Skipulagsnefnd - 47 - 2404001F**

*Fundargerð 47. fundar skipulagsnefndar frá 4. apríl 2024 lögð fram til afgreiðslu á 26. fundi sveitarstjórnar eins og einstök erindi bera með sér. Sólborg Borgarsdóttir kynnti fundargerð. Enginn kvaddi sér hljóðs.*

- 6.1 2404001 - Endurskoðun aðalskipulags Skagafjarðar 2025-2040  
*Afgreiðsla 47. fundar skipulagsnefndar staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*
- 6.2 2404002 - Beiðni um kynningarfund vegna breytinga á Aðalskipulagi 2020-2035  
*Afgreiðsla 47. fundar skipulagsnefndar staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*
- 6.3 2305141 - Freyjugarðurinn - Deiliskipulag  
*Afgreiðsla 47. fundar skipulagsnefndar staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með átta atkvæðum. Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir óska bókað að hún vék af fundi undir afgreiðslu málsins.*
- 6.4 2404003 - Mjólkursamlagsreitur breyting á deiliskipulagi - Skagfirðingabraut 51 - Deiliskipulag  
*Afgreiðsla 47. fundar skipulagsnefndar staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*
- 6.5 2402024 - Staðarbjargarvík - Hofsós - Deiliskipulag  
*Afgreiðsla 47. fundar skipulagsnefndar staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*
- 6.6 2403156 - Grafargerði L146527 - Umsókn um byggingarreit  
*Afgreiðsla 47. fundar skipulagsnefndar staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*
- 6.7 2404005 - Beiðni um aðalskipulagsbreytingu vegna deiliskipulagsvinnu - Neðri-Ás í Viðvíkursveit  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Neðri-Ás 2 land 3 (L223410) - Beiðni um aðalskipulagsbreytingu vegna deiliskipulagsvinnu, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.*
- 6.8 1505046 - Neðri-Ás 2, land 3 og 4 - Umsókn um deiliskipulag  
*Forseti gerir tillögu um að vísa afgreiðslu málsins til liðarins, Neðri-Ás 2, land 3 og 4 - Umsókn um deiliskipulag, síðar á dagskrá fundarins. Samþykkt samhljóða.*
- 6.9 2403030F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 35  
*Afgreiðsla 47. fundar skipulagsnefndar staðfest á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024 með níu atkvæðum.*

## 7. Kauptaxti veiðimanna - 2308044

Frá 89. fundi byggðarráðs frá 20. mars 2024

Vísað til byggðarráðs frá 16. fundi landbúnaðarnefndar, þannig bókað:  
"Á 73. fundi byggðarráðs Skagafjarðar beindi ráðið því til landbúnaðarnefndar að vinna drög að reglum um refa- og minkaveiði í Skagafirði sem í kjölfarið verði teknar til afgreiðslu hjá stjórnvísingum sveitarfélagsins. Í kjölfarið á því eru lögð fram drög að verktakasamningi um veiðar á ref og/eða mink. Landbúnaðarnefnd samþykkir drögin samhljóða og vísar málinu til afgreiðslu byggðarráðs."  
Byggðarráð samþykkir samhljóða framlagðan verktakasamning um veiðar á ref og/eða mink með áorðnum breytingum og vísar til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Borið uppp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykkt með níu atkvæðum.

## 8. Viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2024 - 2403179

Frá 90. fundi byggðarráðs frá 27. mars 2024

Lagður fram viðauki 1 við fjárhagsáætlun 2024-2027. Viðaukinn inniheldur meðal annars aukin framlög til rekstrar svo sem hér segir: Glerskipti, lagfæring á lausum fögum og þéttlistar við vesturhlíð Varmahlíðarskóla 3,2 m.kr. Endurnýjuð lýsing í íþróttahúsi í Varmahlíð 2,9 m.kr. Leiktæki við lóð Varmahlíðarskóla ásamt uppsetningu 2,5 m.kr. Stigi og öryggishandrið við fjölmiðlagám á íþróttavelli á Sauðárkróki 2,5 m.kr. 35% stöðugildi við leikskólann Birkilund í Varmahlíð 2,85 m.kr. Rekstur aðgerðastjórnstöðvar almannavarna 1 m.kr. Jafnframt eru lagt til að hækkað verði framlag til framkvæmda og eignabreytinga vegna fullnaðarhönnunar hluta gatnakerfis við Sveinstún á Sauðárkróki um 4 m.kr. Lagt er til að viðaukanum verði mætt með annars vegar hækkun tekna vegna hækkunar endurgjalds frá Úrvinnslusjóði vegna sérstaktrar söfnunar upp á 1,3 m.kr. og hins vegar með lækkun handbærs fjár hjá sveitarfélaginu upp á 17,65 m.kr. Ekki er gert ráð fyrir lántöku hjá sveitarfélaginu Skagafirði í viðaukanum.

Byggðarráð samþykkir samhljóða framlagðan viðauka nr. 1 við fjárhagsáætlun 2024-2027 og vísar honum til afgreiðslu sveitarstjórnar.

Framlagður viðauki nr 1 við fjárhagsáætlun 2024-2027 borinn upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykktur með níu atkvæðum.

## 9. Hádegisverður í Ársölum og Árskóla - 2402092

Frá 90. fundi byggðarráðs frá 27. mars 2024

Erindinu vísað frá 25. fundi fræðslunefndar Skagafjarðar, þannig bókað:  
"Lagt fram minnisblað frá sviðsstjóra og sérfræðingi á fjölskyldusviði eftir skoðun á Aðalgötu 7 þar sem kostir og gallar við kaup og leigu á húsnæðinu koma fram. Nefndin telur rétt að leita annarra kosta. Fræðslunefnd leggur til að hádegisverðurinn verði boðinn út við fyrsta tækifæri og veittur verði sá sveigjanleiki í útboðinu að bjóða í tvennu lagi, annars vegar hádegisverð í leikskóla og hins vegar hádegisverð í grunnskóla til tveggja ára með möguleika á framlengingu í eitt ár tvisvar sinnum. Í útboðslýsingum skal lögð mikil áhersla á íslenskt/skagfirskt hráefni, heilsusamlegt mataræði og að lágmarka vistspor þjónustunnar með því m.a. að nýta sem mest hráefni úr heimabyggð. Auk þess verði gerð krafa um að rekstraraðilar veiti upplýsingar um uppruna, innihaldslýsingar og framleiðsluhætti þeirra vara sem boðið er upp á. Farið verði eftir ábendingum Landlæknisembættisins um samsetningu matartegunda og í

*hverjum skóla verði matseðlar yfirfarnir og samþykktir og að ákveðið samræmi sé á milli skólastiga hvort sem um ræðir einn eða tvo verktaka. Einnig er mikilvægt að leggja áherslu á sveigjanleika í útboðinu hvað varðar fjölda matarskammta með tilliti til starfstíma beggja skólastiga, leikskóla og grunnskóla. Fjöldi matarskammta eru á milli 650 - 700. Jafnframt leggur nefndin til að horft verði til lengri tíma og hafist handa strax við að kostnaðarmeta fjárfestingar og rekstrarkostnað þess að elda skólamat fyrir grunnskóla og leikskóla á Sauðárkróki í Varmahlíðarskóla eða með viðbyggingu við eldra stig leikskólans Ársali, hvort sem rekstur slíkra eininga yrði á hendi starfsmanna sveitarfélagsins eða reksturinn boðinn út.*

*Nefndin samþykkir tillögurnar samhljóða og vísar þeim til Byggðarráðs."*

*Byggðarráð samþykkir samhljóða tillögur fræðslunefndar um útboð hádegisverðar í Ársölum og Árskóla.*

*Byggðarráð samþykkir jafnframt samhljóða að samhliða vinni sviðsstjóri fjölskyldusviðs og sviðsstjóri veitu- og framkvæmdasviðs að greiningu þeirra tveggja kosta sem fræðslunefnd leggur til, án þess að útiloka aðrar leiðir sem kunna að verða mögulegar. Mikilvægt er að niðurstöðurnar verði samanburðarhæfar hvað kostnað varðar.*

*Byggðarráð samþykkir samhljóða að vísa tillögunum til afgreiðslu sveitarstjórnar.*

*Sveinn Þ. Finster Úlfarsson, Hrund Pétursdóttir, Einar E Einarsson, Hrund Pétursdóttir og Sveinn Þ. Finster Úlfarsson tóku til máls.*

*Framlagðar tillögur fræðslunefndar og byggðarráðs, bornar upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykktar með níu atkvæðum.*

## **10. Eyrarvegur 20 - Byggingarreitur - Grenndarkynning - 2402011**

*Frá 46. fundi skipulagsnefndar frá 21. mars 2024*

*Málið áður á dagskrá á 23. fundi sveitarstjórnar Skagafjarðar þann 21.02.2024, þá bókað: "Vísad frá 43. fundi skipulagsnefndar frá 8. febrúar 2024 til afgreiðslu sveitarstjórnar þannig bókað: "Reimar Marteinson, f.h. Kaupfélags Skagfirðinga, lóðarhafa Eyrarvegs 20, Sauðárkróki í Skagafirði (landnr. L143289), óskar eftir heimild skipulagsnefndar til að stofna byggingarreit á lóðinni skv. meðfylgjandi fyrirspurnaruppdraetti, gerðum á Stoð ehf. verkfræðistofu af Þórði Karli Gunnarssyni. Númer uppdráttar er F-100 og F-101 í verki nr. 30270302, dags. 31.01.2024. Um er að ræða byggingarreit fyrir viðbyggingu vestan við sláturhús KS á núverandi steyptri stétt. Skipulagsnefnd telur að um óverulega breytingu á deiliskipulagi Sauðárkrókshafnar sé að ræða og leggur til við sveitarstjórn að fari fram grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan skal grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum við Eyraveg 16 og 18, Eyrarveg 21 - Vörumiðlun/Verslunin Eyrin og Skarðseyri 5 - Steinull.*

*Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir, með níu atkvæðum, að fari fram grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og samþykkir jafnframt að tillagan skuli grenndarkynnt fyrir lóðarhöfum við Eyraveg 16 og 18, Eyrarveg 21 - Vörumiðlun/Verslunin Eyrin og Skarðseyri 5 - Steinull."*

*Grenndarkynning vegna málsins var send út 04.03.2024, nú hafa borist svör frá öllum aðilum þar sem þeir aðilar sem grenndarkynnt er fyrir gera ekki athugasemd. Skipulagsnefnd leggur til sveitarstjórn að samþykkja óverulega breytingu á deiliskipulagi Sauðárkrókshafnar þar sem kynning hefur farið fram skv. 44. gr skipulagslaganna.*

*Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir, með níu atkvæðum, óverulega breytingu á*

*deiliskipulagi Sauðárkrókshafnar þar sem kynning hefur farið fram skv. 44. gr skipulagslaganna.*

**11. Sjóvörn Hofsósi - Ósk um framkvæmdaleyfi - 2403157**

*Frá 46. fundi skipulagsnefndar frá 21. mars 2024*

*Vegagerðin hefur unnið að undirbúningi sjóvarnarverkefnis á Hofsósi samkvæmt samgönguáætlun. Helstu verkþættir eru: Sjóvörn neðan við Suðurbraut, um 270 m ný sjóvörn. Áætlað grjótmagn um 3.000 m<sup>3</sup>. Vegagerðin hefur unnið að útfærslu sjóvarnargarða í samráði við sveitarfélagið. Meðfylgjandi eru teikningar B-10389-95. Fram kemur í erindi Vegagerðarinnar að sjóvarnirnar voru ákvarðaðar og teknar inn í samgönguáætlun í samráði við sveitarfélagið. Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að veita umbeðið framkvæmdaleyfi.*

*Umbeðið framkvæmdaleyfi borið upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykkt með níu atkvæðum.*

**12. Neðri-Ás 2 land 3 (L223410) - Beiðni um aðalskipulagsbreytingu vegna deiliskipulagsvinnu. - 2404005**

*Frá 47. fundi skipulagsnefndar frá 4. apríl 2024*

*Ingólfur Fr. Guðmundsson á Kollgátu ehf. fyrir hönd landeigenda óskar eftir leyfi til óverulegrar breytingar á aðalskipulagi vegna landsspildu í landi Neðri Áss 2 í Hjaltadal þar sem unnið hefur verið að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð undanfarin ár. Stærð landnýtingarreiðsins hækkar úr 25,2 ha í 31,7 ha sem er 20% stækkun á nýtingu undir frístundabyggð. Nýting svæðisins er þó óbreytt.*

*Fyrir liggur deiliskipulagstillaga fyrir svæðið sem gerir ráð fyrir 9 frístundalóðum sem standa nær tjörn, vestast á skipulagssvæðinu og eru þessar lóðir nú utan skilgreinds frístundasvæðis F8 skv. aðalskipulagi.*

*Óskað er eftir því að mörk flákans verði stækkuð eins og sýnt er í meðfylgjandi gögnum. Svæðið var við upphaf deiliskipulagsvinnu þessarar merkt með fjólubláum punkti eins og tíðkast á dreifbýlissvæðum en við síðustu aðalskipulagsbreytingu Skagafjarðar hefur svæðið verið dregið í fláka á sveitarfélagsupprætti aðalskipulagsins og áform deiliskipulagsins rúmast ekki innan núverandi forms á svæðinu sem merkt er sem F8 í Aðalskipulagi sveitarfélagsins Skagafjarðar.*

*Samþykkt var hjá sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 22. júní 2015 að umrætt land væri tekið úr landbúnaðarlotkun og skilgreint sem frístundarsvæði.*

*Skipulagsnefnd fellst á að um óverulega breytingu á gildandi aðalskipulagi sé að ræða og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja ofangreinda breytingu og senda Skipulagsstofnun, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir ofangreinda breytingu með níu atkvæðum og að senda Skipulagsstofnun, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**13. Neðri-Ás 2, land 3 og 4 - Umsókn um deiliskipulag - 1505046**

*Frá 47. fundi skipulagsnefndar frá 4. apríl 2024*

*Málið áður á dagskrá sveitarstjórnar Skagafjarðar á 402. fundi þeirra þann 23.09.2020, þá bókað:*

*"Málinu vísað frá 386. fundi skipulags- og byggingarnefndar frá 21. september 2020 til*

*afgreiðslu sveitarstjórnar. Lögð er fram tillaga frá Kollgátu arkitektum dags. 3.9.2019, að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Neðri-Áss 2, land 3 og land 4 í Hjaltadal. Um er að ræða 8,5 ha spildu sem staðsett er á ási, sem skilur að Hjaltadal í vestri og Kolbeinsdal í austri. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 9 lóðum undir frístundahús og 9 lóðum fyrir orlofshúsabyggð. Fyrir eru á svæðinu nokkur frístundahús. Aðkoma að svæðinu er um Siglufjarðarveg og um aðkomuveg af Ásavegi. Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021 og tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035 sem er í skipulagsferli. Borið upp til afgreiðslu og samþykkir Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar tillöguna með níu atkvæðum og mælist til að hún verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010."*

*Í dag liggur fyrir uppfærð umsókn frá Ingólfi Fr. Guðmundssyni hjá Teiknistofunni Kollgátu ehf. fyrir hönd landeigenda að Neðri Ás 2, og leggur fram deiliskipulagstillögu Neðri Ás 2, Hjaltadal, Skagafirði, uppráttur nr. 001, uppfærður 08.03.2024 ásamt greinargerð með sömu dagsetningu. Ekkert deiliskipulag er til af umræddu svæði. Deiliskipulagið fjallar um 9 sumarhúsalóðir í landi Neðri Áss og eru 5 af þeim nú þegar byggðar að hluta eða öllu leiti og einnig 10 nýjar lóðir fyrir frístundahús, baðhús og skemmu.*

*Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framkomna tillögu og auglýsa deiliskipulagstillöguna fyrir Neðri Ás 2, Hjaltadal, Skagafirði skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkir framkomna tillögu, með níu atkvæðum, og samþykkir jafnframt að auglýsa deiliskipulagstillöguna fyrir Neðri Ás 2, Hjaltadal, Skagafirði skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

#### **14. Endurtilnefning í Atv. menningar og kynningarnefnd - 2404074**

*Endurtilnefning fulltrúa Sjálfstæðisflokks í Atvinnu- menningar- og kynningarnefnd frá og með 11. apríl 2024. Ragnar Helgason lætur af störfum og Sigurður Hauksson kemur í hans stað. Samþykkt samhljóða.*

#### **15. Endurtilnefning í Félagsmála- og tómstundanefnd - 2404075**

*Endurtilnefning fulltrúa Sjálfstæðisflokks í Félagsmála og tómstundanefnd frá og með 11. apríl 2024. Sigurður Hauksson lætur af störfum, Guðlaugur Skúlason kemur í hans stað. Samþykkt samhljóða.*

#### **16. Úthlutun byggðakvóta 2023-2024 - 2312020**

*Sveitarstjórn leggur til eftirfarandi breytingar á reglugerð nr. 849/2023 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024 í sveitarfélaginu Skagafirði:*

- 1. Nýtt ákvæði 4. greinar reglugerðarinnar verður (nýr másl. bætist við 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar) svohljóðandi: "Hámarksúthlutun fiskiskipa yfir 50 brúttótonnum af því aflamarki sem fallið hefur innan viðkomandi sveitarfélags verður 10 þorsgildistonn á skip."*
- 2. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Afli sem landað er í byggðarlagi úr fiskiskipum sem ekki eru skráð innan viðkomandi sveitarfélags, telst ekki*



til landaðs afla samkvæmt 1. mgr. "

3. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024. "

Borið upp til afgreiðslu sveitarstjórnar og samþykkt með níu atkvæðum.

## 17. Ársreikningur 2023 - 2401083

Sveitarstjóri Sigfús Ingi Sigfússon kynnti ársreikning 2023.

Ársreikningur sameinaðs sveitarfélags Skagaffjarðar fyrir árið 2023 er hér lagður fram til fyrri umræðu. Ársreikningurinn samanstendur af upplýsingum um A-hluta sveitarsjóðs og A- og B-hluta samantekinn. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóðs og þjónustustöðvar. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir, Tímatákn ehf. og Eyvindarstaðaheidi ehf., auk hlutdeildarféлага sem koma inn í reikningsskil sveitarfélagsins eftir hlutfallslegri ábyrgð sveitarfélagsins, þ.e. Norðurá bs. og Samtök sveitarféлага á Norðurlandi vestra.

Rekstrartekjur Skagaffjarðar námu á árinu 8.950 m.kr. af samstæðunni í heild. Þar af voru rekstrartekjur A-hluta 7.462 m.kr. Rekstrargjöld samstæðunnar að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum voru 7.843 m.kr., þar af A-hluti 6.879 m.kr.

Rekstrarafgangur A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er 1.107 m.kr., þar af er rekstrarniðurstaða A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði jákvæð um 582 m.kr.

Afskriftir eru samtals 321 m.kr., þar af 176 m.kr. hjá A-hluta. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru hjá samstæðunni í heild samtals 670 m.kr., þ.a. eru 534 m.kr.

fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur í A-hluta sveitarsjóðs. Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta á árinu 2023 er jákvæð um 123 millj. króna en rekstrarniðurstaða A-hluta er neikvæð um 128 millj. króna.

Eignir Skagaffjarðar A- og B-hluta voru í árslok samtals 14.539 m.kr., þar af voru eignir A-hluta 11.135 m.kr. Skuldir og skuldbindingar voru í árslok 2023 samtals 10.196 m.kr., þar af hjá A-hluta 8.872 m.kr. Langtímaskuldir námu alls 6.439 m.kr. hjá A- og B-hluta auk 630 m.kr. næsta árs afborgana. Eigið fé nam 4.343 millj. króna hjá samstæðunni í árslok og er eiginfjárhlutfall 29,9%. Lífeyrisskuldbindingar nema 1.937 m.kr. í árslok. Veltufé frá rekstri A- og B-hluta nam 1.226 m.kr., þar af er veltufé frá rekstri A-hluta 752 m.kr. Handbært fé frá rekstri A- og B-hluta er 1.163 m.kr. Fjárfestingahreyfingar samstæðunnar námu á árinu 2023, 962 m.kr., þar af námu fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum 1.099 millj. króna. Afborganir langtímalána og skuldbreytingar námu 703 m.kr. Handbært fé nam 459 m.kr. í árslok. Ný langtímalán voru að fjárhæð 620 m.kr.

Í 64. gr. sveitarstjórnarlaga er kveðið á um að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. megi ekki vera hærra en nemur 150% af reglulegum tekjum. Frá heildarskuldum og skuldbindingum er heimilt að draga frá hluta lífeyrisskuldbindinga sem og tekjur og skuldir veitna og langtímakröfu vegna Brúar lífeyrissjóðs. Hjá Skagafirði er skuldahlutfall í ársreikningi fyrir árið 2023, 113,9% án þess að dreginn sé frá sá hluti af heildarskuldum sem heimilað er í lögum og reglugerð. Skuldaviðmið er 86,9% þegar búið er að draga frá það sem heimilt er vegna lífeyrisskuldbindinga og veltufé frá rekstri.

Einar E Einarsson, Sveinn Þ. Finster Úlfarsson, Einar E Einarsson og Sveinn Þ. Finster Úlfarsson tóku til máls.

Ársreikningur 2023 borin upp til afgreiðslu og samþykktur með níu atkvæðum og vísað til síðari umræðu.

## 18. Fundagerðir Norðurár 2024 - 2401005

*Fundargerðir 114. og 115. fundar stjórnar Norðurár bs frá 7. og 15. mars 2024 lagðar fram til kynningar á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024.*

**19. Aðalfundur Norðurár bs 2024 - 2403103**

*Fundargerð aðalfundar Norðurár bs. frá 19. mars 2024 lögð fram til kynningar á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024.*

**20. Fundargerðir SSNV 2024 - 2401025**

*Fundargerð 105. fundar stjórnar SSNV frá apríl 2024 lögð fram til kynningar á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024*

**21. Fundargerðir Sambands ísl. sveitarfélaga 2024 - 2401003**

*945. og 946. fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. febrúar og 15. mars 2024 lagðar fram til kynningar á 26. fundi sveitarstjórnar 10. apríl 2024*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:48.**

---

Einar Eðvald Einarsson

---

Hrund Pétursdóttir

---

Hrefna Jóhannesdóttir

---

Sólborg Sigurrós Borgarsdóttir

---

Guðlaugur Skúlason

---

Jóhanna Ey Harðardóttir

---

Sveinn Þ. Finster Úlfarsson

---

Álfhildur Leifsdóttir

---

Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir

---

Sigfús Ingi Sigfússon

---

Helga Sigurrós Bergsdóttir

